



19. ágúst 2025

Fréttatilkynning: Afkoma Símans hf. á 2F 2025

Afkoma annars ársfjórðungs 2025

- Tekjur á öðrum ársfjórðungi (2F) 2025 námu 7.196 m.kr. samanborið við 6.871 m.kr. á sama tímabili 2024 og jukust um 4,7%. Tekjur af farsíma, gagnaflutningi og sjónvarpsþjónustu jukust um 2,5% milli tímabila. Tekjur af auglýsingamiðlun námu 604 m.kr. samanborið við 535 m.kr. á sama tíma í fyrra, aukning um 12,9%.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 1.924 m.kr. á 2F 2025 og hækkaði um 198 m.kr. eða 11,5% frá sama tímabili fyrra árs. EBITDA hlutfallið er 26,7% á 2F 2025 en var 25,1% á sama tímabili 2024. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 931 m.kr. á 2F 2025 samanborið við 636 m.kr. á sama tímabili 2024 og jókst þannig um 46,4%.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 257 m.kr. á 2F 2025 en námu 320 m.kr. á sama tímabili 2024. Fjármagnsgjöld námu 505 m.kr., fjármunatekjur voru 238 m.kr. og gengishagnaður nam 10 m.kr.
- Hagnaður á 2F 2025 nam 537 m.kr. samanborið við 244 m.kr. hagnað á sama tímabili 2024. Hagnaður á hlut nam 0,22 kr. á fjórðungnum samanborið við 0,09 kr. á sama tímabili fyrra árs.
- Vaxtaberandi skuldir samstæðu að leiguskuldbindingum meðtöldum námu 19,1 ma.kr. í lok 2F 2025, en voru 17,2 ma.kr. í árslok 2024. Handbært fé í lok 2F 2025 nam 744 m.kr., en var 835 m.kr. í árslok 2024. Bókfært virði útlánasafns Símans Pay var 4,6 ma.kr. í lok 2F 2025. Hreinar vaxtaberandi skuldir / 12M EBITDA í lok 2F 2025 var 1,78.
- Eiginfjárhlutfall Símans var 40,3% í lok 2F 2025 og eigið fé 16,9 ma.kr.



María Björk Einarsdóttir, forstjóri:

„Fjórðungurinn einkenndist af traustum rekstri og áframhaldandi framförum í þjónustu og vöruframboði. Mikil sókn í miðlum Símans endurspeglast bæði í tekjuaukningu af Sjónvarpi Símans Premium og hækkandi auglýsingatekjum frá fyrra ári, enda býður Síminn einstakan sýnileika í sjónvarpi og á umhverfismiðlum. Samhliða markverðum vexti í heildartekjum höfum við haft góða stjórn á rekstrarkostnaði, sem leiðir til þess að afkoman jókst umtalsvert frá sama tímabili í fyrra. Við höfum haldið áfram að skila virði til hluthafa í gegnum markviss endurkaup á fjórðungnum.

Í sumar undirritaði Síminn samninga um aðgang að efnisveitum HBO Max og Hayu. Þar með fá áskrifendur Sjónvarps Símans Premium aðgang að stærstu sjónvarpsþáttaröðum heims auk þúsunda klukkustunda af raunveruleikaefni. Samstarf af þessu tagi er í takt við alþjóðlega þróun þar sem markmiðið er að auka þægindi og virði fyrir viðskiptavinum, en spilanir í Sjónvarpi Símans Premium jukust um 20% milli júní og júlí eftir innkomu Hayu.

Í takt við áherslur um aðgengi og þægindi neytenda, afhenti Síminn útsendingar enska boltans á dreifikerfi Sýnar þegar félagið hélt á sýningarréttinum undanfarin ár. Sýn er nú með réttinn, en á dögnum birti Fjarskiptastofa bráðabirgðaákvörðun þar sem staðfest er að Sýn beri að afhenda línulegar útsendingar sínar á kerfi Símans, en geti ekki einangrað þær við eigin forrit og myndlykla. Síminn mun því áfram selja og dreifa íþróttæfni Sýnar og opnu rásinni Sýn á kerfum sínum.

Fjártæknistarfsemi Símans óx áfram fiskur um hrygg á fjórðungnum, en notendum fyrirtækjakorts Símans Pay fjölgaði umtalsvert samhliða áframhaldandi vöruþróun. Virkir notendur Noona voru 84 þúsund í lok júní, um 26% fleiri en á sama tíma í fyrra, auk þess sem söluaðilum heldur áfram að fjölga. Vaxtatekjur útlána aukast mikið milli ára, en Síminn Pay tók yfir lánasafn Valitor í lok febrúar sl.

Horfur í rekstrinum eru almennt bjartar og þriðji ársfjórðungur fer vel af stað. Grunnreksturinn er sterkur og við höldum áfram að byggja nýja tekjustrauma með fjölbreyttri vöruþróun og nýsköpun á sviðum fjarskipta, miðlunar og fjártækni. Þá lítum við sem fyrr til ytri vaxtar, enda rík tækifæri fólgin í að nýta öfluga innviði Símans til sóknar á fleiri sviðum.

Að lokum má nefna að þetta uppgjör er það síðasta undir handleiðslu Óskars Haukssonar. Hann óskaði eftir að láta af störfum á dögnum eftir að hafa starfað hjá félaginu frá árinu 2005, þar af sem fjármálastjóri frá 2011. Fjármál Símans hafa þannig verið í traustum höndum Óskars í rúmlega fjórtán ár, en eins og fjárfestar þekkja hefur sá tími einkennst af ábyrgð og vel ígrunduðum ákvörðunum í rekstrinum samhliða vel heppnaðri umbreytingu félagsins. Ég vil þakka Óskari fyrir sitt framlag til félagsins og frábært samstarf síðustu misseri. Það verður missir af honum hjá Símanum, en við óskum honum öll góðs gengis á nýjum vettvangi.“



Helstu niðurstöður í rekstri

Rekstur samstæðu

Heildartekjur á 1H 2025 námu 14.369 m.kr. samanborið við 13.446 m.kr. á sama tímabili 2024, sem er 6,9% vöxtur milli ára. Sé horft til farsíma, gagnaflutnings og sjónvarpsþjónustu er tekjuvöxtur 2,4%.

Tekjur af farsíma námu 3.428 m.kr. og hækkuðu um 110 m.kr. eða 3,3% á milli ára. Tekjur af gagnaflutningi námu 4.152 m.kr. og hækkuðu um 23 m.kr. eða 0,6% á milli ára. Tekjur af sjónvarpsþjónustu námu 3.723 m.kr. og hækkuðu um 128 m.kr. eða 3,6% á milli ára. Tekjur af auglýsingamiðlun¹ námu 1.167 m.kr. og hækkuðu um 459 m.kr.

á milli ára. Munar þar mestu um tekjur Billboard sem námu 370 m.kr. á 1F 2025, en félagið varð hluti af samstæðu í byrjun 2F 2024. Tekjur af vörusölu námu 792 m.kr. og drógust saman um 31 m.kr. eða 3,8% á milli ára. Tekjur af öðrum rekstri námu 1.107 m.kr. og hækkuðu um 234 m.kr. á milli ára sem skýrist aðallega af vaxandi tekjum af fjártækni sem tengjast kaupum á Noona og nýjum vörum Símans Pay.

Kostnaðarverð seldrar þjónustu nam 8.901 m.kr. og hækkaði um 285 m.kr. eða 3,3% frá sama tímabili 2024. Rekstrarkostnaður nam 3.887 m.kr. og hækkaði um 124 m.kr. eða 3,3% frá sama tímabili 2024.

Rekstrarhagnaður (EBIT) 1H nam 1.581 m.kr. leiðrétt fyrir 461 m.kr. sektar- og bótagreiðslu samanborið við 1.067 m.kr. á sama tímabili fyrra árs og hagnaður tímabilsins nam 844 m.kr. leiðrétt fyrir sömu greiðslu auk dráttarvaxta samanborið við 415 m.kr. á sama tímabili fyrra árs.

Afskriftir félagsins námu 2.076 m.kr. á 1H 2025 samanborið við 2.094 m.kr. á sama tímabili árið 2024 og lækka um 18 m.kr. á milli tímabila.

Rekstrarreikningur	1H			
	2025	2024	Breyting	%
Sala	14.020	13.125	895	6,8%
Kostnaðarverð sölu	(8.901)	(8.616)	(285)	3,3%
Framlegð	5.119	4.509	610	13,5%
Aðrar rekstrartekjur	349	321	28	8,7%
Rekstrarkostnaður	(3.887)	(3.763)	(124)	3,3%
Stjórnvaldssekt og skaðabætur	(461)	0	(461)	
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.120	1.067	53	5,0%
Fjármunatekjur	430	361	69	19,1%
Fjármagnsgjöld	(1.008)	(876)	(132)	15,1%
Hrein fjármagnsgjöld	(578)	(515)	(63)	12,2%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	542	552	(10)	-1,8%
Tekjuskattur	(193)	(137)	(56)	40,9%
Hagnaður	349	415	(66)	-15,9%

¹ Inniheldur auglýsingatekjur í sjónvarpi sem áður tilheyrði Sjónvarpsþjónustu og auglýsingasölu Billboard sem áður tilheyrði öðrum tekjum.



Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar námu samtals 3.213 m.kr. á 1H 2025 samanborið við 3.198 m.kr. á 1H 2024. Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum á 1H 2025 námu 280 m.kr. til lækkunar.

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var því 2.933 m.kr. á 1H 2025 samanborið við 3.378 m.kr. á 1H 2024. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 2.266 m.kr. á 1H 2025 samanborið við 2.738 m.kr. á 1H 2024.

Sé leiðrétt fyrir gjaldfærslu vegna dómsmála á 1F 2025 var handbært fé án vaxta og skatta 3.393 m.kr., en 2.761 m.kr. eftir vexti og skatta.

Á 1F 2025 keypti Síminn lánasafn sem hefur áhrif á fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar á því tímabili. Á 1F 2024 keypti Síminn Billboard sem hefur áhrif á sömu liði.

Sjóðstreymi	1H 2025	1H 2024
Rekstrarhagnaður	1.120	1.067
Afskriftir	2.076	2.094
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi	17	37
Samtals rekstrarhreyfingar	3.213	3.198
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(280)	180
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	2.933	3.378
Innborgaðir vextir	417	330
Greiddir vextir	(961)	(737)
Greiddir skattar	(123)	(233)
Handbært fé frá rekstri	2.266	2.738
Fjárfestingarhreyfingar	(2.640)	(6.002)
Fjármögnunarhreyfingar	291	3.091
Breytingar á handbæru fé	(83)	(173)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(8)	(3)
Handbært fé í byrjun tímabilsins	835	1.810
Handbært fé í lok tímabilsins	744	1.634

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 42.006 m.kr. í lok 2F 2025 en voru 41.182 m.kr. í lok árs 2024.

Vaxtaberandi skuldir að leiguskuldbindingum meðtöldum voru 19.095 m.kr. í lok 2F 2025 samanborið við 17.168 m.kr. í lok árs 2024. Handbært fé í lok 2F 2025 nam 744 m.kr. samanborið við 835 m.kr. í lok árs 2024. Hreinar vaxtaberandi skuldir að teknu tilliti til útlána Símans Pay voru 13.727 m.kr. í lok 2F 2025 samanborið við 13.021 m.kr. í árslok 2024.

Eigið fé félagsins nam 16.917 m.kr. í lok 2F 2025 og eiginfjárlutfall félagsins var 40,3%.

Efnahagsreikningur	30.06.2025	31.12.2024	Breyting	%
Rekstrarfjármunir	3.590	3.543	47	1%
Leigueignir	1.701	1.844	(143)	-8%
Óefnislegar eignir	25.563	26.243	(680)	-3%
Aðrar eignir	1.123	638	485	76%
Fastafjármunir	31.977	32.268	(291)	-1%
Birgðir	1.213	1.339	(126)	-9%
Viðskiptakröfur	2.483	2.503	(20)	-1%
Útlán	4.187	3.204	983	31%
Aðrar skammtímakröfur	1.402	1.033	369	36%
Handbært fé	744	835	(91)	-11%
Veltufjármunir	10.029	8.914	1.115	13%
Eignir samtals	42.006	41.182	824	2%
Eigið fé	16.917	18.116	(1.199)	-7%
Eigið fé	16.917	18.116	(1.199)	-7%
Vaxtaberandi skuldir	15.226	12.733	2.493	20%
Leiguskuldbindingar	1.426	1.571	(145)	-9%
Tekjuskattskuldbinding	521	686	(165)	-24%
Langtímaskuldir	17.173	14.990	2.183	15%
Vaxtaberandi skuldir	1.635	2.084	(449)	-22%
Viðskiptaskuldir	3.504	3.760	(256)	-7%
Næsta árs afborganir	808	780	28	4%
Aðrar skammtímaskuldir	1.969	1.452	517	36%
Skammtímaskuldir	7.916	8.076	(160)	-2%
Eigið fé og skuldir samtals	42.006	41.182	824	2%



Horfur fyrir árið 2025

Afkomuspá fyrir EBITDA og EBIT var lækkuð um 400 m.kr. þann 24. febrúar sl. eftir dóm Hæstaréttar, en að öðru leyti eru forsendur afkomuspár ársins óbreyttar.

Dregið hefur úr óvissu tengdri sýningarrétti á Ensku úrvalsdeildinni. Sýningarréttur á HBO efni hækkar fjárfestingar, en gert er ráð fyrir að sú aukning rýmist innan spábils.

Noona Iceland kom inn í samstæðu í byrjun árs og keypt lánasafn í byrjun mars.

Spá fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir eftirtöldu:

- EBITDA verði á bilinu 6,6 til 7,0 ma.kr.
- EBIT verði á bilinu 3,2 til 3,6 ma.kr.²
- Fjárfestingar verði á bilinu 2,8 til 3,1 ma.kr.

Kynningarfundur 20. ágúst 2025

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjorsins verður haldinn miðvikudaginn 20. ágúst 2025 kl. 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 25, Reykjavík. Hluthafar, fjárfestar og markaðsaðilar eru sérstaklega boðnir velkomnir á fundinn. Á fundinum munu María Björk Einarsdóttir forstjóri og Óskar Hauksson fjármálastjóri kynna uppgjör félagsins og svara fyrirspurnum. Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðu Símans <https://www.siminn.is/fjarfestar/uppgjor-og-arsskyrslur>.

Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum í streymi á vefslóðinni: www.siminn.is/fjarfestakynning-2025.

Þeir sem vilja bera upp spurningar geta sent þær á fjarfestatengsl@siminn.is og verður þeim svarað í lok fundarins.

Fjárhagsdagatal 2025

Uppgjör 3F 2025	22. október 2025
Ársuppgjör 2025	17. febrúar 2026
Aðalfundur 2026	12. mars 2026

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:

María Björk Einarsdóttir, forstjóri Símans (maria@siminn.is)

Óskar Hauksson, fjármálastjóri Símans (oskarh@siminn.is)

² Án áhrifa afskrifta á óefnislegum eignum vegna kaupa á félögum.